

Aukaskrímsli bindi I



Hvað er í þessum aukabækling?

Í þessum bækling má finna nokkur skrímsli sem geta orðið í vegi fyrir leikmönnum í Hetjuspilinu. Sögumenn ráða hvort eða hvenær þeir nota þessi skrímsi en í lýsingunni á þeim eru hugmyndir um hvenær væri góður tími að pipra þeim inn í ævintýrin í spilinu. Þessi auka skrímsi eru:

Mannætusveppir

Jaki

Dóna-tello

Eldla

Kung-fura


Ég vona að ykkur finnst þessi auka skrímsli skemmtileg því mig langar að bæta fleirum við í framtíðinni.

Mannætusveppir

Ég hef ætlað að teikna og setja á síðuna þessa gaura í langan tíma og ég sé eftir því að hafa ekki haft þá með í upprunalega bæklingnum. Þetta eru Mannætusveppirnir sem hetjurnar þurfa að berjast við í ævintýrinu með Silju og Sóley þar sem maður þarf að fara í dimman helli til að sækja jurtir og efni í seyði sem getur læknað Sóley litlu. Þessir sveppir geta samt verið í öllum hellum og skúmaskotum Hetjulands og það er hægt að pipra þeim inn hvenær sem sögumönnum vantar að láta krakkana berjast við einhverja léttu en grimma óvini.


Mannætusveppirnir eru ekki erfiðir viðfangs. Ef að það eru 3-4 leikmenn að spila þá teikna ég yfirleitt aðstæðurnar upp að það séu svona 12 sveppir sem eru að umkringja þau og ef að t.d Riddari væri að sveifla sverðinu sínu að hóp af 4 sveppum og hann myndi fá 4-6 á teningnum þá myndi ég segja að hann nái að yfirbuga alla fjóra sem stóðu í hnapp saman.

Ef að leikmaðurinn fékk 1-3 á teningnum þá myndi ég segja að hann nái að yfirbuga jafn marga og talan á teningnum segir til um. Helstu árásir sveppana á leikmenn eru að reyna að bíta þá í kálfana og sköflungana. Fyrir fólk sem er vant hlutverkaspilum og HP gildum þá myndi ég segja að hver sveppur er með 1 í HP ef það hjálpar að hugsa það þannig. Mannætusveppirnir eru u.þ.b 40 cm á hæð.



Jaki

Jakar eru stórir gangandi Ísjakar sem ganga um Frostsóginn við Íshöllina. Þeir eru sjaldséðir en þeir eru mjög viðskotailir ef maður rekst á þá og þeir ráðast á mann ef þeir sjá mann. Kenningar eru að forn Illur Ískonungur hafi búið þá til svo þeir gætu þjónað honum sem hermenn en hann hafi fallið frá áður en hann gat gefið þeim frekari fyrirmæli. Aðrir segja að þeir séu að vernda fornan fjársjóð. Jakar eru harðir í horn að taka og það getur tekið 2-3 umferðir að sigra þá. Þeir eru veikir fyrir eld en sterkir gegn steinum. Þeir nota stóru hendur sínar til að slá til óvina sinna og jafnvel henda sér á framhliðina til að reyna að ná mörgum hetjum í einu. Þá er reyndar hægt að nýta tækifærið og slá hann í bakið þegar hann er að reyna að standa upp. Jakar eru með svona 30 HP ef að þið viljið hugsa á þann hátt. Jakarnir eru u.þ.b 3 metrar á hæð og eru 250 kg á þyngd.



Dóna-tello

Dóna-tello er skjaldbaka sem gengur um graslendur Hetjulands og stríðir og böggast í saklausum borgurum landsins. Hann kallar fólk uppnefnum eins og blöðruselur, skoffín, klaufabárður, prumpurass og bleyjubossi. Ef sögumaður lætur leikmenn rekast á Dóna-tello þá er hægt að nota það sem tækifæri til að vinna með hvað maður getur gert ef einhver er að stríða manni. Leiðir til að sigr Dóna-tello geta verið eftirfarandi:

Að skora á hann í keppni, t.d gæti Bardagameistari skorað á hann í armbeygjukeppni eða Galdrameistari gæti skorað á hann í hraðlestrarkeppni.

Að segja mömmu hans hvernig hann er að haga sér.

Að segja honum að hætta að láta eins og kjána og fá sér síðdegiskaffi með hetjunum.


Að þykjast vera frá öðru landi og svara honum á bullútlensku eins og "rabison" og "in a gurny bunderkup" og gefa honum þumla upp.

Ef að leikmenn vilja endilega berjast við hann þá tekur það bara eina umferð hann er ekki mjög sterkur bardagamaður hann er með svona 20 HP ef að þið viljið hugsa það þannig. Dóna-tello er 1,2 m á hæð.



Eldla

Eldlur eru príhöffða eðlur sem halda sig á svörtu söndunum á leiðinni til Eldkastalans. Þær eru mjög herskáar og ráðast á leikmenn ef þær sjá þá. Þær eru yfirleitt 2-4 í hóp og nota klærnar sínar til að klóra og blása eldhnöttum á leikmenn. Ísgaldrar virka illa gegn þeim en steingaldrar vel. Þær eru nokkuð harðar í horn að taka og það tekur 2 umferðir að sigra eina eðlu. Hver Eldla er með 25 HP fyrir þá sem vilja hugsa á þeim nótum. Eldlur eru u.þ.b 50 cm á hæð, 2 m á lengd og 75 kg.



Kung-fura

Kung-furur eru tré sem hafa lifnað við og lært kung-fu og karate. Þær fá ekki mörg tækifæri til að æfa sig á móti fólki og vilja gjarnan skora á hetjurnar í bardaga. Þær eru samt friðsælar inn við beinið og þær játa sigur þegar hetjurnar eru búnar að berjast við þær í 2-3 umferðir. Þær eru með 30 HP og eru 3 m á hæð og eru 150 kg,



